Brjef landshöfðingja *til hins umboðslega endurskoðanda* **um úrskurð á nokkrum atriðum, sem fram hafa komið í aukatekjureikningum sýslumanna.** — Eptir að jeg nú hefi lagt úrskurð á athugasemdir endurskoðanda við aukatekjureikningana fyrir árið 1883 skal jeg, í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 24. nóvember f. á., taka fram, til almennrar leiðbeiningar, nokkur atriði, sem ákvörðun hefur verið gjörð um í úrskurðum þessum. 1 9. jan.

1. Þarsem svo er fyrirmælt í 2. gr. í lögum 7. nóv. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, að menn eigi rjett á því, að verzla í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, ef leyst sje til þess borgarabrjef hjá bæjarfógeta eða sýslumanni og greitt fyrir það 50 kr., er renni í sýslusjóð eða bæjarsjóð, má álíta, að gjald það til landssjóðs, sem ákveðið er í 61. gr. í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 fyrir borgarabrjef til kaupskapar, sje úr lögum numið.
2. Þegar reikna skal út vitagjald af skipum samkvæmt lögum 10. okt. 1879 ber að fylgja þeirri reglu, að sleppa þeim brotum úr smálest (ton), sem minni eru en $^{51}/_{100}$ en telja $^{51}/_{100}$ og stærri brot sem heila smálest; smbr. brjef dómsmálastjórnarinnar 11. maí 1868 (Tíð. um Stj. málefni Ísl. II. bls. 524—525.)
3. Þegar reikna skal afgreiðslugjald af kaupskipum samkvæmt 62. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, ber með tilliti til brota úr smálest að fara eptir þeirri reglu, sem tekin er fram í 2. tölulið, þannig að $^{51}/_{100}$ og stærri brot sjeu talin heil smálest, en minni brotum sleppt. Þareð upphæð gjalds þessa er 8 skildingar (= $^{1}/_{6}$ kr.) fyrir smálest þegar ræða er um heilt afgreiðslugjald en 4 skildingar (= $^{1}/_{12}$ kr.) þegar ræða er um hálft afgreiðslugjald, finnst hin rjetta upphæð afgreiðslugjalds af skipi á einfaldasta hátt með því að deila smálestatölu skipsins í fyrra tilfellinu með 6, en í hinu síðara með 12, og kemur þá út afgreiðslugjald skipsins í krónum og aurum þegar reiknað er með tveim tugabrotsstöfum.

   Dæmi: 75,58 = 76; 76 : 6 = 12,66
   75,58 = 76; 76 : 12 = 6,33
   75,48 = 75; 75 : 6 = 12,50
   75,48 = 75; 75 : 12 = 6,25

   Þannig er fyrir skip sem er 75,58 (= 76) smálestir að stærð
   heilt afgreiðslugjald . . . . . 12 kr. 66 a.
   hálft afgreiðslugjald . . . . . 6 — 33 -
   fyrir skip sem er 75,48 (= 75) smálestir að stærð
   heilt afgreiðslugjald . . . . . 12 kr. 50 a.
   hálft afgreiðslugjald . . . . . 6 — 25 -
4. Eptir 6. gr. aukatekjureglugjörðarinnar ber að greiða 16 sk. (= 33 a.) fyrir «skikkun manna til skoðunargjörðar eða annara slíkra verka, og eins mikið fyrir eiðfesting gjörðarinnar, og líka fyrir móttöku sjerhvers annars eiðs fyrir utan vitnafærslu». Samkvæmt þeirri reglu, sem almennast hefir verið farið eptir í þessu efni, og sem ekki kemur í bága við hina tilfærðu ákvörðun, ber að reikna þessa borgun fyrir hvern einstakan mann, sem skikkaður hefir verið eða eiðfestur.

   Ef mennirnir eru kvaddir til gjörðarinnar fyrir rjetti (dómkvaddir) ber þaraðauki samkvæmt 2. gr. aukatekjureglugjörðarinnar að greiða 48 sk. (= 1 kr.) fyrir fyrirtekt sakarinnar (Incamination) og venjulega borgun eptir 7. og 8. gr. reglugjörðarinnar fyrir eptirrit og staðfestingu.

16. dag janúarmán. 1886.

Reykjavík 1886. Einar Þórðarson.

1 9. jan. 5. Eptir 33. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, ber sýslumanni eptir reikningi endurgjald úr sýslusjóði fyrir það, er hann sem oddviti sýslunefndarinnar hefir borgað til skriffæra, gjörðabóka, undir brjef, til sendiferða og fl.

Með því þessi ákvörðun, sem ekki snertir embættistekjur sýslumanna í eiginlegum skilningi, heldur endurgjald fyrir tiltekinn kostnað, sem í einstöku atriði er nákvæmar ákveðið í 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, ekki getur álitist að vera numin úr gildi með 1. gr. í lögum 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta, þá á þóknun sú, er 41. gr. sveitarstjórnarlaganna heimilar sýslumanni fyrir eptirrit af sýslusjóðsreikningnum ekki að renna í landssjóð.

2 **Reikningar**

sjóða sem standa undir stjórn landshöfðingja.

Styrktarsjóður þeirra er bíða tjón af jarðeldi

1885.

Tekjur.

1.	Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. B. 1885, bls. 57):		
	a. Innritunarskírteini	kr. 16500,00	
	b. Ríkisskuldabrjef	— 12800,00	
	c. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 232,88	
	d. Í peningum hjá reikningshaldara	— 14,83	kr. 29547,71
2.	Vextir:		
	a. Af innritunarskírteini fyrir eitt ár til 11. júní 1885	kr. 660,00	
	b. Af ríkisskuldabrjefum til 11. júní og 11. desbr 1885	— 512,00	
	c. Eptir sparisjóðsbókum	— 25,19	— 1197,19
		Til samans	kr. 30744,90

Gjöld.

1.	Styrkur veittur búnaðarskólanum á Eyðum (alls 884 kr.)		— 644,16
2.	Sjóður við árslok:		
	a. Innritunarskírteini	kr. 16500,00	
	b. Ríkisskuldabrjef	— 12800,00	
	c. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 784,90	
	d. Í peningum hjá reikningshaldara	— 15,84	— 30100,74
		Til samans	kr. 30744,90

Gjafasjóður Hannesar prestaskólakennara Árnasonar.

1885.

Tekjur.

1.	Sjóður við ársbyrjun:		
	a. Ríkisskuldabrjef	kr. 33600,00	
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 150,82	
	c. Í peningum hjá reikningshaldara	— 34,76	kr. 33785,58
2.	Vextir:		
	a. Af ríkisskuldabrjefum, 11. júní og 11. des. 1885	kr, 1344,00	
	b. Eptir sparisjóðsbók	— 12,62	— 1356,62
		Til samans	kr. 35142,20